



## Aðalfundur Golfklúbbs Dalbúa 2020 haldinn 26. nóvember 2020.

### Fundargerð

Fundur var settur kl. 19:30 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal, en vegna C-19 var um fjarfund að ræða. Stjórn og varastjórn GD var á staðnum en aðrir á Zoom.

Mætt: *Anna Svandís Helgadóttir (á Zoom), Anthony Karl Flores (á Zoom), Bryndís Scheving, Ásbjörn Sveinbjörnsson, Eiríkur Þorláksson, Eyjólfur Óli Jónsson (á Zoom), Gísli B. Ívarsson, Hafþór B. Guðmundsson, Páll Ólafsson (á Zoom) Ragnar Þórisson og Snæbjörn Stefánsson (á Zoom).*

Bryndís Scheving formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.  
Gengið til dagskrár skv. 16. grein laga félagsins.

Formaður stakk upp á Hafþóri B. Guðmundssyni sem fundarstjóra. Samþykkt samhljóða.  
Formaður stakk upp á Gísli B. Ívarssyni sem fundarritara. Samþykkt samhljóða.

### 1. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu starfsári:

Bryndís Scheving formaður kynnti skýrslu stjórnar, sem lögð var fram á fundinum.

Í skýrslunni er m.a. að finna inngang formanns og yfirlit yfir starfsemina á árinu, en jafnframt fylgja með henni skýrslur nefnda, þ.e. mótanefndar og vallarnefndar, þar sem þær nefndir gera sérstaka grein fyrir þeim annars vegar mótahaldi sumarsins og hins vegar vinnu við völlinn.

Golfárið gekk ansi vel, en þeir sem skráðu sig í gestabók fjölgaði um tæplega þúsund manns þó svo að gestabókin hafi verið fjarlægð úr golfskálunum í byrjun bylgju tvö í Covid faraldrinum. Félagsmönnum fjölgaði í kringum 5% á árinu, en þeir telja 114 í dag. Þetta árið eru fleiri með Dalbúa sem aðalklúbb. Golfarar sem spiluðu völlinn í sumar hrósuðu því hvað völlurinn væri vel hirtur en Antony K. Flores hefur séð um slátt og umhirðu vallarins eins og undanfarin ár. Í maí var vinnudagur félaga á golfvelli og var óvenju góð þátttaka félaga þar. Formaður þakkaði sérstaklega fyrir það framlag.

Líkt og árið á undan stóð klúbburinn sjálfur fyrir allri starfseminni í Miðdal. Gerðir voru samningar við verktaka um slátt og aðra umsjón með velli, en formaður annaðist rekstur golfskálans. Var forstofan í klúbbhúsinu alltaf opin utan þess tíma sem opið var í kaffistofu, þannig að gestir gátu skráð sig, greitt vallargjöld og notað snyrtingu. Var almenn ánægja með þetta fyrirkomulag hjá félagsmönnum.

Þetta árið innleiddi GSÍ nýtt skráningar- og tölvukerfi, vegna skráningar á golfvelli og vegna skráningar á forgjöf. Smá hnökrar voru á þessu kerfi en flestir höfðu náð að tileinka sér það í lok sumars.

Haldin voru sex vel heppnuð golfmót yfir sumarið. Golfboxið setti smá strík í reikninginn vegna útreikninga og sätaniðurröðunar en það leystist allt saman og réttar niðurstöður voru kynntar.



Starfsleyfi golfskálans var endurnýjað á starfsárinu og þurfti að gera smá breytingar á búnaði innanhúss. Rekstrarform golfklúbbsins var með svipuðum hætti og undanfarin sumur.

Breytingar voru gerðar á vellinum í sumar, en rauði teigurinn á 1. braut hefur verið færður neðar, ásamt því að búið er að taka í notkun stækkunina á 9.flöt. Hafinn er undirbúningur að nýju og endurbættu æfingasvæði. Þar verður hægt að æfa stutta spilið og glompuhögg.

Nýir holufánar merktir GD voru keyptir í sumar. Einn góður félagi hefur útbúið teigmerkingar með nöfnum nokkurra kvenna í klúbbum, en þær konur hafa tekið teiga í fóstur, skreytt þá og séð til þess að þeir séu snyrtilegir. Eftir þessu framtaki hefur verið sértaklega tekið eftir og hefur þetta vakið athygli allra þeirra sem spila völlinn. Í sumar voru settar upp lengdarmerkingar á öllum brautum.

Golfklúbburinn fékk góða og vandaða kynningu á Kylfingur.is í sumar.

Formaður þakkaði stjórn og nefndarmönnum GD fyrir gott samstarf og þakkaði sömuleiðis Antony og Eyjólfu fyrir gott og gefandi samstarf.

Aðildarfélögum og styrktaraðilum voru færðar bestu þakkir fyrir stuðninginn á árinu.

## **2. Kynning á endurskoðuðum ársreikningi félagsins:**

Eiríkur Þorláksson gjaldkeri fór yfir ársreikninginn, sem var lagður fram á fundinum (sjá meðfylgjandi skjal).

Rekstrartekjur ársins voru um 8,6 m.kr., og rekstrargjöld rúmlega 5,4 m.kr., og afgangur frá rekstri fyrir afskriftir var nær 3,1 m.kr.; að teknu tilliti til afskrifta er niðurstaða rekstrar jákvæð um rúmlega 2 m.kr. Eigið fé í árslok er um 18 m.kr. en skuldir eru engar.

## **3. Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning og hann borinn upp til samþykktar:**

Fundarmenn lýstu ánægju með glæsilega ársskýrslu og ársreikninginn í heild sinni, og töldu ánægjulegt að sjá að vel væri farið með fjármuni félagsins.

Skýrsla stjórnar var samþykkt samhljóða.

Ársreikningur félagsins fyrir 2020 var samþykktur samhljóða.

## **4. Afgreiðsla tillagna til lagabreytinga:**

Fram komu tvær tillögur um breytingar á lögum GD og voru þær tillögur kynntar í aðalfundarboði.

### **11. gr., 1. mgr.:**

Í gildandi lögum segir:

*Á fyrsta fundi stjórnar eftir aðalfund skiptir stjórnin með sér störfum. Auk formanns sitja í stjórn varaformaður, ritari, gjaldkeri og þrír meðstjórnendur.*

Tillaga til breytingar:

***Á fyrsta fundi stjórnar eftir aðalfund skiptir stjórnin með sér störfum. Auk formanns sitja í stjórn varaformaður, ritari, gjaldkeri og einn meðstjórnandi.***



Rökstuðningur:

Á aðalfundi klúbbsins sem haldinn var 30. nóvember 2017 var samþykkt breyting á 10. gr. laga klúbbsins þess efnis, að „stjórn félagsins skipi fimm menn sem kosnir eru á aðalfundi“ (þ.e. um fækkun stjórnarmanna úr sjö í fimm). Tillaga um nausynlega breytingu á 11. gr. var ekki lögð fram samhliða.

- Gerð er tillaga um breytingu á 11. gr., til að fullt samræmi sé milli ákvæða laganna um skipan stjórnar klúbbsins.

### **18. gr., 3. mgr.:**

Í gildandi lögum segir:

*Sé félaginu formlega og löglega slitið skulu eignir þessa renna til Félags bókagerðarmanna.*

Tillaga til breytingar:

***Sé félaginu formlega og löglega slitið skulu eignir þess renna til Rafiðnaðarsambands Íslands /Grafíu.***

Rökstuðningur:

Nafni Félags bókagerðarmanna var breytt árið 2015, og heitir það nú *Grafía – stéttarfélag í prent- og miðlunargreinum*. Þá varð félagið árið 2019 eitt af aðildarfélögum *Rafiðnaðarsambands Íslands (RSÍ)*.

- Gerð er tillaga um að breyta ofangreindu ákvæði í lögum klúbbsins til að endurspeglar þessar breytingar á stöðu Félags bókagerðarmanna / Grafíu.

Báðar þessar tillögur voru samþykktar samhljóða.

### **5. Tillögur sem borist hafa teknar til umræður og afgreiðslu:**

Engar aðrar tillögur bárust sem skyldu teknar til umræðu eða afgreiðslu, og því engin umræða um þennan lið.

### **6. Ákveðið árgjald og önnur gjöld fyrir næsta starfsár:**

Af hálfu stjórnar var lagt til að árgjöld 2021 hækki um 12,5%

Var tillaga stjórnar samþykkt samhljóða.

### **7. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn, sbr. 10. gr. laga félagsins:**

Fundarstjóri tilkynnti að Bryndís Scheving, formaður, byði sig fram til endurkjör. Ekki bárust frekari framboð til formanns. Fundarstjóri bar upp tillögu um að Bryndís yrði endurkjörin, og var sú tillaga samþykkt samhljóða:

- Formaður var kjörinn Bryndís Scheving.

Aðrir út stjórn og varastjórn gefa kost á sér áfram og var það samþykkt samhljóða.

Á fyrsta fundi eftir aðalfund mun stjórn skipta með sér verkum.



## 8. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins til vara:

Stungið upp á Jóni Þ. Hilmarssyni og Guðmundi R. Valtýssyni.

Samþykkt samhljóða.

## 9. Lögð fram fjárhagsáætlun næsta starfsárs til samþykktar:

Gjaldkeri lagði fram fjárhagsáætlun ársins 2021 til kynningar, þar sem tekið var mið af reynslu nýliðins starfsárs. Fundarmenn töldu rétt að fara varlega við gerð fjárhagsáætlana, eins og hér væri gert og miða við þann grunn sem félagið hefur á að byggja.

Fjárhagsáætlun ársins 2021 var samþykkt samhljóða.

## 10. Önnur mál:

- a) Umsjónarmenn vallarins eiga mikið hrós skilið fyrir ástand vallarins
- b) Mælt er með að sækja fram í styrkjum og vinavöllum
- c) Spurt var um hvað fælist í rekstrarleyfi fyrir skálann eftir nýtt rekstarleyfi. Svárið er að skálinn flokkast sem kaffihús með leyfi fyrir 20 manns inni og 20 manns úti. Áður flokkaðist skálinn sem samkomusalur
- d) Spurt var um heilbrigðiseftirlitsgjald og hvort að aðilar frá heilbrigðiseftirlitinu hafi komið og sinnt eftirlitsskyldum. Því var svarað að þeir hafi mætt í tvígang til eftirlits
- e) Bent var á að styrktaraðilum klúbbsins hefur fækkað og var stjórn hvött til þess að finna nýja styrktaraðila fyrir næsta starfsár
- f) Óskað var eftir að fá boltasjálfsala á æfingarsvæði
- g) Óskað var eftir að fá þvottastæði og loftpressu til að þrifa skó og kerrur
- h) Gjaldkeri sagði frá því að búið væri að sækja um stykt í Íþróttasjóð Ríkisins
- i) Mælt er með því að sækja um í styrk í nýjan sjóð hjá Golfsambandi Íslands.
- j) Spurt er hvort að eignarhald GD og vallarins breytist eitthvað við sameininguna við RSÍ. Svar við þessari spurningu var ekki vitað á fundinum.
- k) Rætt var um að vera með skoðanakönnun meðal félaga um að vera með rástímaskráningu í gegnum Golfbox eða þá að nota kúlustandinn eins og verið hefur.
- l) Það þarf að leita til Bláskógabyggðar vegna niðurfellingar á fasteignaskatti vegna klúbbhússins. Eins þarf að leita til þeirra vegna styrks fyrir barna og unglingastarfs hjá GD.

Fleiri tóku ekki til máls.

Fundi var slitið kl. 21:00.